

Allianz Global Investors Fund

Société d'Investissement à Capital Variable

Skráð aðsetur: 6 A, route de Trèves, L-2633 Senningerberg

R.C.S. Lúxemborg B 71.182

Tilkynning til hluthafa

Stjórn Allianz Global Investors Fund (SICAV) („félagið“) tilkynnir hér með eftirfarandi breytingar, sem taka gildi 10. mars 2021.

Ennfremur upplýsir stjórnin um aðgerðaráætlun sem felst í að leggja meiri áherslu á málefni umhverfis og samfélags við ákvarðanatöku og byrjað er að nota í tilteknum undirsjóðum. **Stjarna (*) merkir að breyting vísar til slíkrar aðgerðaáætlunar.**

Viðkomandi breytingar til að framfylgja sjálfbærum og ábyrgum grunnreglum við fjárfestingar taka einnig gildi 10. mars 2021.

Heiti undirsjóðsins	Efni	
	Núverandi nálgun	Ný nálgun
Allianz Euro Bond	Breytt fjárfestingamarkmið (Viðauki 1, hluti B í skráningarlýsingunni)	
	Langtíma vöxtur eigna umfram meðalávöxtun í evrum með fjárfestingu á skuldabréfamörkuðum um heim allan með útsetningu fyrir evru. (*)	Langtíma vöxtur eigna umfram langtíma meðalávöxtun í evrum með fjárfestingu í skuldageringum sem útsettir eru fyrir evru á skuldabréfamörkuðum um heim allan. (*)
	Breyting á og/eða viðbót við takmarkanir á fjárfestingum (Viðauki 1, hluti B í skráningarlýsingunni)	
	-	- Leið til ábyrgðar í loftslagsmálum (Climate Engagement Strategy) (ásamt viðmiðum til útilokunar) á við (*)
Allianz Global Sustainability	Breytt fjárfestingamarkmið (Viðauki 1, hluti B í skráningarlýsingunni)	
	Langtíma vöxtur eigna með fjárfestingu á hlutabréfamörkuðum þróaðra ríkja um heim allan í samræmi við aðferð til sjálfbærra og ábygrgra fjárfestinga (SRI Strategy) þar sem lítið er til ýmissa viðmiða sem snúa að samfélags- og umhverfismálum, mannréttindum og stjórnunarháttum. Sjóðsstjóra er heimilt að beita gjaldmiðlakefju og taka þannig aðskilda áhættu í gjaldmiðlum aðildarríkja OECD, jafnvel þó ekki séu í undirsjóðnum neinar eignir í þeim gjaldmiðlum. (*)	Langtíma vöxtur eigna með fjárfestingum á hlutabréfamörkuðum þróaðra landa um heim allan í samræmi við aðferð til sjálfbærra og ábygrgra fjárfestinga (SRI Strategy). Sjóðsstjóra er heimilt að beita gjaldmiðlakefju og taka þannig aðskilda áhættu í gjaldmiðlum aðildarríkja OECD, jafnvel þó ekki séu í undirsjóðnum neinar eignir í þeim gjaldmiðlum. (*)
	Breyting á og/eða viðbót við takmarkanir á fjárfestingum (Viðauki 1, hluti B í skráningarlýsingunni)	
	- Fjárfesta má að hámarki 30% af eignum undirsjóðsins í hlutabréfum öðrum en þeim sem lýst er í fjárfestingamarkmiðinu í samræmi við SRI stefnuna(*) - Fjárfesta má að hámarki 30% af eignum undirsjóðsins á nýmörkuðum í samræmi við SRI stefnuna(*) - Fjárfesta má að hámarki 10% af eignum undirsjóðsins í hlutabréfum öðrum en þeim sem lýst er í fjárfestingamarkmiðinu (*) - SRI stefna á við .	- Fjárfesta má að hámarki 30% af eignum undirsjóðsins á nýmörkuðum(*) - SRI Strategy (einnig viðmið um útilokun) gildir (*) - Minnst 90% eignasafns undirsjóðsins skal vera með SRI einkunn. Til eignasafns teljast ekki í þessu samhengi afleiður án lánshæfismats og gerningar sem eru án lánshæfismats í eðli sínu (t.d. reiðufé og innlán). (*) - Viðmið samræmist ekki fullkomlega þeim umhverfis- og samfélagslegu eiginleikum sem undirsjóðurinn stendur fyrir. Bæði undirsjóður og viðmið styðjast við blöndu RI skimunar og að undanskilja umdeilda geira og brot á hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum. Viðmið við skimun og útilokun víkja frá fjárfestingaaðferð undirsjóðsins. Ítarlegar upplýsingar um aðferðir viðmiðsins er að finna á vefsetrinu www.spglobal.com . (*)
Allianz Treasury Short Term Plus Euro	Breytt fjárfestingamarkmið (Viðauki 1, hluti B í skráningarlýsingunni)	
	Langtíma vöxtur eigna umfram meðalávöxtun í evrum með fjárfestingu á skuldageringum á skuldabréfamörkuðum á evrusvæðinu með útsetningu fyrir evru. (*)	Langtíma vöxtur eigna umfram meðalávöxtun í evrum með fjárfestingu á skuldageringum á skuldabréfamörkuðum á evrusvæðinu í samræmi við aðferð til sjálfbærra og ábygrgra fjárfestinga (SRI Strategy). (*)
	Breyting á og/eða viðbót við takmarkanir á fjárfestingum (Viðauki 1, hluti B í skráningarlýsingunni)	
	-	- SRI Strategy (einnig viðmið um útilokun) gildir (*)

Heiti undirsjóðsins	Efni	
	Núverandi nálgun	Ný nálgun
		- Minnst 70% eignasafns undirsjóðsins skal vera með SRI einkunn. Til eignasafns teljast ekki í þessu samhengi afleiður án lánsþæfismats og gerningar sem eru án lánsþæfismats í eðli sínu (t.d. reiðufé og innlán) (*)

Hluthafar sem samþykkja ekki áður nefndar breytingar geta innleyst hlutabréf sín án þess að greiða innlausnar- eða breytingagjöld til sunnudagsins 9. mars 2021.

Skráningarlýsingin, þegar hún tekur gildi, er aðgengileg eða fáanleg ókeypis hjá skráðri skrifstofu félagsins, rekstrarfélaginu í Frankfurt/Main og hjá upplýsingafulltrúum félagsins (eins og hjá útibúi State Street Bank International GmbH í Lúxemborg eða hjá Allianz Global Investors GmbH í Þýskalandi) í hverju lögsagnarumdæmi þar sem undirsjóðir félagsins eru skráðir til sölu fyrir almenning.

Senningerberg, janúar 2021

Tilskipun frá stjórn félagsins
Allianz Global Investors GmbH.

Þetta skjal er þýðing af upprunalega skjalinu. Ef ske kynni að misræmi eða mistúlkun sé í þýðingunni, gildir upprunalega útgáfan á ensku, eins lengi og hún brjóti ekki í bága við lög í viðkomandi landi eða svæði.